



**166. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, föstudaginn 24. september 2009 kl. 16:15.**

**Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Sigríður Jónsdóttir, Helgi Sigurðsson, Jón Gestur Viggósson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 1. varamaður, Gústaf A. Hjaltason 3. varamaður.**

**Forföll boðuðu Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Örn Andrésson og Þorgrímur Þráinsson 2. varamaður.**

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

Hann skýrði frá því að staðfesting hefði borist frá EOC um að tilnefning ÍSÍ um Stefán Konráðsson til 2009 EOC Laurel Award hefði verið samþykkt einróma. Stefán verður heiðraður á aðalfundi Evrópusambands ólympíunefnda í Lissabon í nóvember nk.

EOC Laurel Award eru veitt einstaklingi eða samtökum sem skarað hafa fram úr í störfum sínum fyrir íþróttahreyfinguna í sínu landi og stuðlað að framgangi íþróttá ýmsum sviðum. Viðurkenning þessi er mikill heiður fyrir Stefán og íslenska íþróttahreyfingu. Einungis þrír íþróttaförystumenn í Evrópu, auk Stefáns, hljóta þessa viðurkenningu í ár.

### **1. Ólympísk verkefni**

#### **- Vancouver**

*Friðrik Einarsson skýrði frá því að undirbúningur gengi vel. Verið er að vinna að búnaðarmálum í samstarfi við 66°N, sem sýnir þessu verkefni einstakan áhuga.*

*Unnið er með sex manna Ólympíuhóp. Endanlegur fjöldi keppenda verður ekki staðfestur fyrr en í janúar á næsta ári.*

#### **- YOG**

*Fyrirhugaður er fundur með sérsamböndum 6. eða 7. október þar sem fram fer almenn kynning á leikunum.*

### **2. Heilbrigðisreglur ólympíuhreyfingarinnar – Medical Code**

Framkvæmdastjóri hefur skoðað málið og leggur til að ÍSÍ taki þessar reglur ekki upp að svo stöddu heldur vinni áfram að málinu með það að markmiði að taka reglurnar upp í nánustu framtíð, ef ástæða þykir til.

Samþykkt.

### **3. Formannafundur ÍSÍ**

Skrifstofa ÍSÍ hefur þegar hafið undirbúning en fundurinn verður haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal föstudaginn 20. nóvember nk. kl. 16:30.

Rætt um málefni til umfjöllunar á fundinum, fyrirkomulag og möguleika á smærri fundum í tengslum við Formannafundinn.

Sambandsaðilum hefur verið send dagsetning fundarins og einnig er búið að skrá hana í viðburðardagatal ÍSÍ á heimasíðu ÍSÍ.

### **4. Heiðranir**

Forseti ÍSÍ afhenti eftirfarandi heiðursmerki í 75 ára afmæli GR:

- Gestur Jónsson, GR - Gullmerki
- Garðar Eyland, GR – Silfurmerki
- Jón Pétur Jónsson, GR – Silfurmerki

Friðrik Einarsson afhenti eftirfarandi heiðursmerki í 60 ára afmælishófi Knattspyrnufélagsins Þróttar:

- *Kristinn Einarsson, Þrótti - Silfurmerki*
- *Sigurður K. Sveinbjörnsson, Þrótti - Silfurmerki*

Keflavík - Íþrótt- og ungmennafélag, verður 80 ára 29. september nk. Afmælishóf verður haldið 3. október nk. Skrifstofu falið að óska eftir tilnefningum til heiðursveitinga.

Knattspyrnufélag Reykjavíkur fagnar 110 ára afmæli félagsins 3. október nk. Skrifstofu falið að óska eftir tilnefningum til heiðursveitinga.

## 5. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- *165. fundur framkvæmdastjórnar*
- *12. fundur framkvæmdaráðs frá 3. sept.*
- *13. fundur framkvæmdaráðs frá 24. sept.*
- *Almenningsíþróttasviðs frá 20. ágúst*
- *Fjármálaráðs frá 14. og 21. september*
- *Verkefnasjóðs frá 24. september*
- *Afrekssviðs frá 21. september*
- *Heiðursráðs frá 8. september*
- *Skýrsla aðalfarastjóra frá Smáþjóðaleikunum í Kypur*
- *Skýrsla aðalfarastjóra frá Smáþjóðaleikunum í Mónakó*
- *Skýrsla frá EYOF í Tampere*
- *Skýrsla frá EYOF í Slask-Beskidy*
- *Skýrsla frá norrænum fundi um fyrirtækjaíþróttir*
- 

## 6. Viðburðir framundan

**Fram að næsta fundi:**

- *Forvarnardagur Forseta Íslands 30. september*
- *13. Ólympíuþing IOC í Kaupmannahöfn, 2.-5.október*
- *HM í aflraunum fatlaðra í Reykjavík, 2.og 3. október*
- *Stafgöngudagur á landsvísu 3. október*
- *80 ára afmælishóf FH, 3. október*
- *110 ára afmælishóf KR, 3. október*
- *80 ára afmælishóf Keflavíkur, 3. október*
- *Sambandsþing UMFÍ 10-11. október*
- *EM fatlaðra í sundi, 15.-25. október*
- *Ísland-Austurríki, A-landslið kvenna í handknattleik 18. október*

**Til lengri tíma litið:**

- *12. ENGSO Forum í Oeiras/Cascais, 29. -30. október 2009*
- *Formannafundur ÍSÍ 20. nóvember 2009*
- *Aðalfundur EOC í Lissabon, 27.-28.nóvember*
- *Vetrarólympíuleikar í Vancouver, 12.-27.febrúar 2010*
- *Ólympíumót fatlaðra í Vancouver, 12.-21.mars 2010*
- *Ólympíuleikar ungmenna í Singapore, 15.-25.ágúst 2010*
- *Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Liberec, 12.-19.febrúar 2011*
- *Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Trabzon, 24.-27.júlí 2011*
- *Smáþjóðaleikar í Liechtenstein, 30.maí - 4.júní 2011*
- *-Ólympíuleikar í London 7.júlí - 12.ágúst 2012*

## 7. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ verða haldnir 22. október og 19. nóvember

## 8. Önnur mál

- **Drangeyjarsund**

Reglugerð um Drangeyjarsunds bikarinn hefur verið send Sundsambandi Íslands til skoðunar með tilliti til reglna um sjósund. Sjósundsnefnd SSÍ vinnur nú að útlistunum um kröfur sem gerðar verða til þess að sjósund teljist gilt til afrekaskráninga, s.s. kröfur um viðbúnað, tilkynningu o.fl. Unnið verður að málinu áfram, í samráði við SSÍ.

- **EM fatlaðra í sundi**

Gústaf minnti á EM fatlaðra í sundi, sem fram fer á Íslandi dagana 18.-24. október nk.

- **FH 80 ára**

Fimleikafélag Hafnarfjarðar á 80 ára afmæli á næstunni. Kannað verður með tilnefningar til heiðursveitinga í tengslum við afmælið.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.  
Halla Kjartansdóttir fundarritari